



LEB

Landssamband eldri borgara

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Suðurnesjabæ 12.febrúar 2019

Efni: Umsögn umillögu til þingsályktunar

um heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Þingskjal 835

509 mál Stjórnarfrumvarp

Landssamband eldri borgara mælir með samþykkt frumvarpsins

Frumvarpið er mjög ítarlegt og tekur á flestum málum sem varða heilbrigðisstefnu til framtíðar.

LEB teldi það til bóta að sérstakar stjórnir við Heilbrigðisstofnanir, þar sem heimamenn ættu fulltrúa. Það er mjög mikið atriði að sveitarstjórnarmenn hafi beina aðkomu að stjórn Heilbrigðisstofnunar á sínu svæði.

LEB bendir á að á næstu árum verður gífurlega mikil fjölgun eldri borgara í landinu. LEB telur að það væri til bóta að setja inn í frumvarpið hvernig mæta beri þessari aukningu. Samræma þarf heimaþjónustu og heimahjúkrun og eðlilegt að það sé undir einni yfirstjórn en ekki eins og nú er víða á höndum sveitarfélaga annars vegar og hinsvegar á hendi ríkisins.

Marka þarf skýra stefnu hvernig hægt sé að vinna að bættum forvörnum, þannig að aldraðir geti sem lengst búið á eigin heimili.

Einnig þarf að marka stefnu hvernig byggja eigi upp hjúkrunarheimili til að mæta þörfinni á næstu árum.

Skoða þarf hvort dagdalarrými geti að einhverju leyti komið í stað fjölgunar hjúkrunarrýma.

Með vinsemd og virðingu

Sigurður Jónsson

Varaformaður LEB